

## Fyrirspurn

til sjávarútvegsráðherra um loðnuleit og loðnumælingar.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hve margar stofnstærðarmælingar voru gerðar á loðnu í janúar, febrúar og mars ef undanskilin er sú sem notuð var til grundvallar tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar um aflamark og greint er frá í nýlegu svari ráðherra við fyrirspurn (þskj. 831)?
2. Hvenær voru þessar mælingar gerðar, með hvaða rannsóknaskipum og hverjir voru leiðangursstjórar?
3. Hvernig voru leiðarlínur rannsóknaskipa við þessar mælingar og hvernig leit þéttleikadreifing loðnunnar út, færð á kort eftir mæligildum?
4. Hver var áætluð stærð loðnuárganga í hverri þessara mælinga, í fjölda og tonnum?
5. Hversu mörgum úthaldsdögum hafrannsóknaskipa var varið til loðnuleitar og loðnumælinga nú eftir áramót?

**Skriflegt svar óskast.**